

07

08

Ársskýrsla VR 2007 – 2008

Virðing  
Réttlæti

VR

**VR**

Umbrot/prentun: Oddi ehf.  
2008

## EFNISYFIRLIT

<b>FÉLAGIÐ Í HNOTSKURN</b>	<b>4</b>
ALMENN STARFSEMI OG ÞJÓNUSTA	4
FJÖLDI FÉLAGSMANNA	4
LYKILTÖLUR VR 2007	4
STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2007-2008	4
<b>KJARAMÁL</b>	<b>5</b>
KJARA- OG INNHEIMTUMÁL	5
DÓMSMÁL	5
RANNSÓKNIR OG KANNANIR	5
JAFNRÉTTISMÁL	5
<b>ENDURNÝJUN KJARASAMNINGS VIÐ SA</b>	<b>6</b>
UNDIRBÚNINGUR VIÐRÆÐNA	6
NÝR KJARASAMNINGUR UNDIRRITAÐUR	7
<b>HEILBRIGÐISMÁL</b>	<b>8</b>
FJÁRVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI	8
VELFERÐARVERKEFNI VR	8
FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2007-2008	8
<b>ORLOFSMÁL</b>	<b>9</b>
NÝTING ORLOFSHÚSA OG TJALDVAGNA 2007	9
STJÓRN ORLOFSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2007-2008	9
<b>ÖNNUR STARFSEMI</b>	<b>10</b>
VR VARASJÓÐUR	10
FRÆÐSLA	10
STJÓRNIR FRÆÐSLUMÁLA STARFSÁRIÐ 2007-2008	10
ATVINNULEYSI	10
<b>FUNDIR, ÁLYKTANIR OG SAMSKIPTI</b>	<b>11</b>
ÁLYKTANIR AÐALFUNDAR	11
INNLENDIR FUNDIR	11
ERLEND SAMSKIPTI	11
<b>ALMENNAR UPPLÝSINGAR</b>	<b>12</b>
BREYTINGAR GERÐAR Á LÖGUM FÉLAGSINS	12
STARFSEMI ÞJÓNUSTUVERS	12
FÉLAGSMÁL	12
MANNFAGNAÐIR	12
ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL	12
AÐILD AÐ STOFNUNUM	13
FÉLAGATAL	13
FÉLAGSGJÖLD	13
SKIPULAG SKRIFSTOFU	13
FASTRÁÐNIR STARFSMENN Á SKRIFSTOFU 1. FEBRÚAR 2008	14
KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2007	14
TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM	15
<b>ÁRSREIKNINGUR</b>	<b>16</b>
ÁRITANIR	16
REKSTRAREIKNINGUR 2007	17
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007	18
YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2007	20
REKSTRAREIKNINGUR ÁRSINS 2007	21
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007	22
SKÝRINGAR	23


# Félagið í hnotskurn

## Almenn starfsemi og þjónusta

	Fjöldi félagsmanna / umsókna	
	2007	2006
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.219	1.048
Starfsmennta- og tólmundastyrkir	4.925	5.072
Styrkir úr varasjóði	9.569	7.021
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	922	4.058*
Orlofshús og tjaldvagnar	2.618	2.770
<b>Samtals</b>	<b>19.253</b>	<b>19.969</b>

\* Athugið að 1.1.2006 – 30.4.2006 féllu styrkir til sjóðfélaga sem nú eru greiddir úr VR varasjóði, undir þennan lið.

## Fjöldi félagsmanna



## Lykiltölur VR 2007

Félagsgjöld	737.045.415
Sjúkrasjóðsiðgjöld	853.638.960
Orlofssjóðsiðgjöld	206.888.315
Leiga orlofshúsa	44.878.235
Aðrar tekjur	132.701.026
<b>Samtals tekjur</b>	<b>1.975.151.951</b>

Bætur og styrkir	457.104.014
Greiðsla úr varasjóði	296.558.193
Rekstrargjöld	761.216.754
<b>Samtals gjöld, bætur og styrkir</b>	<b>1.514.878.961</b>

Fjármagnsliðir	174.872.073
----------------	-------------

<b>Hreinar tekjur til ráðstöfunar</b>	<b>635.145.063</b>
---------------------------------------	--------------------

## Stjórn VR starfsárið 2007 - 2008

Gunnar Páll Pálsson formaður

Stefanía Magnúsdóttir varaformaður

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari

Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Torfadóttir (lét af stjórnarmennsku í október 2007), Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson.

Varamenn: Þorlákur Jóhannsson, Jóhanna S. Rúnarsdóttir og Ólafur Ingimarsson.

## Kjara- og innheimtumál

Á árinu 2007 var áfram mikill hreyfanleiki á vinnumarkaði, svipað og árið á undan. Gjaldþrotamálum fjölgaði á síðasta hluta ársins en sá þáttur starfseminnar hafði verið með rólegasta móti um langa hríð. Verkefni kjarasviðs voru því nokkuð hefðbundin á árinu, fólust mest í ráðgjöf og túlkun á kjarasamningum félagsins. Þó ber að geta þess að mun meira hefur borið á svokölluðum samkeppnishamlandi ákvæðum í ráðningarsamningum starfsmanna en áður. Slík ákvæði miða að því að takmarka frelsi einstaklinga eða koma alveg í veg fyrir að þeir starfi á sínum sérsviðum í ákveðinn tíma eftir starfslok hjá fyrirtækjum. Ákvæði af þessu tagi geta átt rétt á sér í undantekningartilfellum en virðast vera orðin nokkuð almenn og eru að mati félagsins komin út fyrir öll eðlileg mörk.

Á árinu 2007 voru 1.219 mál tekin til meðferðar hjá kjarasviði VR en á árinu 2006 voru þau 1.048. Málum fjölgaði því um rúmlega 16% á milli ára. Árið 2007 var að auki sveiflukenndara en árið 2006. Á fyrri hluta árs, frá janúar til júní, voru málin 761 en einungis 458 á tímabilinu júlí til desember. Um áramót voru 107 mál til vinnslu hjá félaginu, þar af 57 hjá lögmanni þess: 1 mál er frá árinu 2003, 3 frá árinu 2005, 18 frá árinu 2006 og 85 frá árinu 2007. Á árinu 2007 voru innheimtar fyrir félagsmenn 113 milljónir króna á kjarasviði félagsins og hjá lögmonnum þess.

Talsverð fjölgun hefur orðið á erlendu vinnuafli á Íslandi og hefur félagið reynt að nálgast erlent vinnuafli með ýms-um hætti. Nú er það nánast daglegur viðburður að ráðgjöf sé veitt á ensku eða með aðstoð túlks.

Á árinu 2007 var byrjað að greina mál sem koma til kasta félagsins ítarlegar en áður, bæði hvað tíma og kostnað varðar. Innkomnum málum félagsins var skipt í tvennt: skemmri mál, en það eru mál sem eru leyst innan kjarasviðs á tveimur dögum eða skemur, og lengri mál sem taka þrjú daga eða lengur og þurfa ítarlegri vinnslu. Á árinu 2007 voru 550 mál flokkuð sem skemmri mál en 669 tóku lengri tíma og þurfu frekari meðferð. Skemmri mál kosta um kr. 31.500 að meðaltali en lengri mál um kr. 122.000 að meðaltali.

## Dómsmál

Á árinu 2007 fóru nokkur mál fyrir dómstóla. Í upphafi árs dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur félagsmanni laun fyrir vinnu í matartíma en vinnuveitandinn hélt því fram að greiðsla fyrir vinnu á matartíma væri innifalin í heildarlaunum. Héraðsdómur hafnaði hins vegar kröfu VR fyrir hönd félagsmanns um laun í uppsagnarfresti en honum var sagt upp eftir tveggja mánaða starf. Í ráðningarsamningi var gert ráð fyrir þriggja mánaða uppsagnarfresti en dómurinn hafnaði kröfu um laun í þann tíma á þeim forsendum að samningurinn hafi ekki verið undirritaður og því ekki talist gildur. Héraðsdómur dæmdi í febrúar félagsmanni orlof á bónusgreiðslu en vinnuveitandi hélt því fram að orlof væri innifalið í bónusgreiðslum. Skömmu síðar fóru tvö mál varðandi laun í uppsagnarfresti fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og var í bæði skiptin fallist á kröfu VR. Fyrri málið snerist um aðilaskipti en í seinna málinu var félagsmanninum sagt fyrirvaralaust upp störfum og gert að sök að hafa vanrækt skyldur sínar. Dómurinn taldi í því máli ávirðingar vinnuveitanda ósannaðar og að vinnuveitandi hafi ekki verið heimilt að segja félagsmanninum fyrirvaralaust upp. Á árinu fóru einnig fyrir dóm nokkur mál sem varða ásakanir á hendur félagsmonnum um að hafa unnið gegn hagsmunum fyrirtækis sem þeir unnu hjá en þeim var sagt upp störfum vegna fyrirhugaðra breytinga. Fyrirtækið neitaði að greiða laun allan uppsagnarfrestinn en dómur féll VR í hag.

## Rannsóknir og kannanir

### Fyrirtæki ársins

Applicon ehf. og Vélfang ehf. voru valin Fyrirtæki ársins 2007, Applicon í hópi stærri fyrirtækja og Vélfang í hópi minni. Fjörutíu fyrirtæki fengu nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2007, tuttugu í hvorum stærðarflokki.

### Launakönnun

Félagsmenn VR nutu verulegs launaskriðs á milli 2006 og 2007 samkvæmt niðurstöðum launakönnunar sem voru kynntar í september. Heildarlaun hækkuðu um 12% á tímabilinu en launavísitala Hagstofunnar um 10,1% á sama tíma.

## Jafnréttismál

Kynbundinn launamunur minnkaði um tæplega fjórðung milli áranna 2000 og 2007 samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR 2007. Árið 2000 var munurinn 15,3% körlum í hag en 11,6% samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar 2007. Þróun á greiddum félagsgjöldum til VR á sama tímabili styður þessa niðurstöðu.

# Endurnýjun kjarasamnings við SA

## Undirbúningur viðræðna

Kjarasamningur VR og Samtaka atvinnulífsins, SA, rann út 31. desember 2007. Undirbúningur vegna kjarasamninga-  
viðræðna hófst strax á árinu 2006 þegar unninn var samanburður á kjarasamningum á Norðurlöndum og hófst form-  
legur undirbúningur svo í janúar á síðasta ári.

<b>Janúar</b>	Tillögur að framkvæmdaáætlun vegna viðræðnanna voru kynntar á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna. Framkvæmdaáætlunin gerði m.a. ráð fyrir myndun þriggja málefnaþéttvaða, skipuðum stjórnarmönnum og félagsmönnum, um launamyndun og tryggingar, vinnutíma og vernd og stöðu erlendra starfsmanna.
<b>Febrúar</b>	Vinna málefnaþéttvaða fer af stað.
<b>Mars &amp; apríl</b>	Rýnihópar haldnir með félagsmönnum.
<b>Maí</b>	Niðurstöður úr vinnu málefnaþéttvaða kynntar á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna á vinnustöðum.
<b>September</b>	Trúnaðarráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum funda um stöðu mála og komandi kjarasamningaviðræður.
<b>Október</b>	Skóðanakönnun gerð meðal félagsmanna um áhersluatriði í samningunum. Helstu niðurstöður voru að leggja bæri áherslu á aukið orlof, meiri sveigjanleika og að vernda kaupmáttinn. Viðræðuáætlun kynnt.
<b>Nóvember</b>	Gengið frá helstu áherslum í samningunum á fundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna. Þær fólu m.a. í sér að tekin yrðu varfærin skref í launakröfum og áhersla lögð á að verja kaupmáttinn og tryggja hag þeirra sem höfðu ekki notið launskriðs á við það sem þorri félagsmanna hafði notið síðustu misseri. Samþykkt var að fara fram á sérstaka hækkun launataxta og launaþróunartryggingu.
<b>Janúar 2008</b>	Nýársfundur trúnaðarráðs og trúnaðarmanna ítrekar áherslur VR í samningunum og endurnýjar umboð sitt til samninganefndar félagsins.

Áherslur í viðræðunum voru einnig til umræðu á morgunverðarfundum sem haldnir voru reglulega allt árið í fyrra en hátt í fimm hundruð félagsmenn sátu þá fundi.

## Nýr kjarasamningur undirritaður

Nýr kjarasamningur milli VR og Samtaka atvinnulífsins var síðan undirritaður þann 17. febrúar 2008 í húsakynnum ríkissáttasemjara. Rafræn atkvæðagreiðsla fór fram um samninginn meðal félagsmanna og lauk henni á hádegi 11. mars 2008.

Á kjörskrá voru 19.955 félagsmenn og greiddi 2.541 atkvæði eða 12,73%. Alls samþykktu 72,3% samninginn, 25,3% höfnuðu honum og 2,4% tóku ekki afstöðu.

Kjarasamninginn í heild sinni má lesa á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), en helstu atriði hans eru birt hér.

- **Hækkun lægstu launa**  
Lágmarkslaunataxtar hækka um 18 þúsund krónur frá og með 1. febrúar 2008, um 13.500 krónur þann 1. mars 2009 og 6.500 krónur þann 1. janúar 2010.
- **Launaþróunartrygging**  
Samið var um launaþróunartryggingu, sem einnig er kölluð baksýnisspegill. Á þessu ári er tryggingin 5,5% fyrir þá sem voru í starfi hjá sama atvinnurekanda frá janúar 2007 til janúar 2008. Þetta þýðir að ef laun hafa ekki hækkað um 5,5% á tímabilinu hækka þau um þá prósentu frá 1. febrúar 2008. Ef launin hafa hækkað minna en 5,5% á tímabilinu hækka þau um það sem uppá vantar til að ná 5,5% tryggingunni. Ef launin hafa hins vegar hækkað um meira en 5,5%, verður ekki frekari hækkun samkvæmt samningnum. Þeir sem hófu störf hjá vinnuveitanda sínum frá 2. janúar – 30. september 2007 fá launaþróunartryggingu á sama hátt, nema að hámarki 4,5%.  
Þann 1. mars 2009 verður launaþróunartryggingin 3,5%.
- **Almenn launahækkun**  
Þann 1. janúar árið 2010 verður almenn 2,5% launahækkun.
- **Uppbætur hækka**  
Desember- og orlofsuppbætur hækka, árið 2008 verður desemberuppbót kr. 50.000 og orlofsuppbót kr. 18.400.
- **Lengra orlof**  
Orlofsdögum fjölgar í 30 daga hjá þeim sem hafa unnið í sama fyrirtæki í 10 ár. Þetta ákvæði kemur til framkvæmda frá og með árinu 2009 en í ár er orlofið 29 dagar hjá þessum starfsmönnum. Þeir sem hafa unnið í 5 ár hjá sama fyrirtæki fá 26 orlofsdaga í ár og 27 á næsta ári.
- **Launaviðtöl**  
Skerpt er á rétti launafólks til launa- og starfsmannaviðtala, óski starfsmaður eftir viðtali skal það veitt innan tveggja mánaða.
- **Víðtækari slysatryggingar**  
Slysatrygging er víðtækari í þessum samningi en þeim fyrri. Vátryggingin nær m.a. til 18 ára barna í stað 17 ára áður. Auk þess nær hún nú í fyrsta skipti til ungmenna á aldrinum 18-22 ára sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans. Vátryggingin gildir í ferðum á vegum atvinnurekanda innanlands og utan og nær til slysa sem verða við íþróttaiðkun. Örorku- og dánarbætur hækka mikið.
- **Veikindi barna**  
Veikindadagar vegna veikinda barna verða 12 á ári.
- **Starfsmenntasjóður efldur**  
Framlag vinnuveitenda í starfsmenntasjóð hækkar úr 0,15% í 0,20%.
- **Endurhæfingarsjóður**  
Nýr endurhæfingarsjóður verður settur á lagginnar og munu atvinnurekendur greiða til hans 0,13% af launum.
- **Gildistími**  
Samningurinn gildir frá 1. febrúar 2008 til 30. nóvember 2010

# Heilbrigðismál

## Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði

Varðandi tekjur árið 2007 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

a) Sjúkra- og dagpeningar	Fjöldi	Upphæð kr.
Dagpeningar vegna veikinda	627	375.593.108
Dagpeningar vegna áfengisvanda	55	13.018.815
Dagpeningar vegna veikinda barna	31	11.032.380
Dagpeningar vegna veikinda maka	13	5.968.831
Sjúkra- og slysdagpeningar samtals	726	405.613.134

(2006, samtals fjöldi 719, kr. 369.744.291)

b) Dánarbætur	Fjöldi	Upphæð kr.
Dánarbætur félagsmanna undir 70 ára	35	23.922.516
Dánarbætur félagsmanna eldri en 70 ára	50	13.591.728
Dánarbætur samtals	85	37.514.244

(2006, fjöldi bótaþega 73, kr. 28.382.307)

c) Slysabætur	Fjöldi	Upphæð kr.
Örorkubætur	5	3.613.527
Slysabætur samtals	5	3.613.527

(2006, fjöldi bótaþega 4, kr. 7.504.923)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur samtals	816	446.740.905

(2006, fjöldi bótaþega 796, kr. 405.631.521)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Styrkir til sjóðfélaga*	106	10.363.109

(2006, fjöldu styrkþega 3.262, kr. 45.753.382)

\* Athugið að 1.1.2006 – 30.4.2006 féllu styrkir til sjóðfélaga sem nú eru greiddir úr VR varasjóði undir þennan lið.

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur og styrkir til félagsmanna 2007 samtals	922	457.104.014

(2006, fjöldi bóta- og styrkþega 4.058, kr. 451.384.903)

	Upphæð kr.
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka 2007 **	11.521.866

(2006, kr. 2.008.952)

\*\* Við sameiningu VR og Verslunarmannafélags Vestur Húnavetninga, VVH (sjá bls. 12) var 5.410.000 kr. af fjármunum VVH varið til að styrkja góð málefni á félagssvæði þess.

## Velferðarverkefni VR

Á árinu 2007 bauð VR 68 skjólstæðingum sjúkrasjóðs þátttöku í Velferðarverkefni VR. Verkefnið hefur það að markmiði að veita félagsmönnum sem hafa átt við veikindi eða slys að etja meiri og persónulegri þjónustu í því augnamiði að auðvelda þeim að snúa aftur á vinnumarkaðinn. Alls þáðu 44 félagsmenn boð um þátttöku í verkefninu.

## Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2007 - 2008

Stefanía Magnúsdóttir formaður

Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Lykke Bjerre Larsen og Jón Magnússon

Varamenn: Ólafur Ingimarsson og Þorlákur Jóhannson



Á árinu 2007 voru 40 orlofshús og orlofsíbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 25 tjaldvagna og 13 orlofshús. Útleigur ársins 2007 voru 2.618 samanborið við 2.770 árið 2006. Sumarið 2007 var tekið upp nýtt fyrirkomulag á útleigu orlofshúsa og var þann 2. apríl var opnað fyrir bókanir í húsin á netinu og í síma samkvæmt reglunni fyrstur bókar, fyrstur fær. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

Í júní samþykkti stjórn VR að hækka lágmarksaldur fyrir leigu orlofshúsa í 20 ár frá og með 1. september 2007. Félagsmenn undir tvítugu fá nú allt orlofsiðgjald sitt greitt í VR varasjóð.

## Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2007

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting – vetur*
Akureyri (6)	1.211	94%	48%
Einarsstaðir (4)**	297	88%	
Flúðir (3)	543	100%	34%
Hraunborgir (1)	196	100%	40%
Húsafell (5)	865	100%	36%
Ljósheimar (1)	254	82%	66%
Miðhúsaskógur (20)	3.125	91%	32%
Ölfusborgir (1)**	26	100%	

Félagið tók á leigu eftirtalin hús og tjaldvagna sumarið 2007 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en sum eru enn í útleigu.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting - vetur
Hrísey (1)	70	100%	
Illugastaðir (1)	70	100%	
Minni-Borg (2)	109	64%	37%
Stykkishólmur raðhús (2)	368	91%	38%
Súðavík (1)	71	83%	
Vaðnes (2)	77	70%	32%
Varmahlíð (2)	153	94%	26%
Vestmannaeyjar (1)	85	75%	
Tjaldvagnar (30)	1.165	86%	
Orlofshús erlendis	1.498	100%	
<b>Samtals gistinguætur</b>	<b>10.183</b>		

\* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR um 100% um helgar en minni virka daga.

\*\* Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaganna yfir veturinn. Sumarið 2007 fékk VR hús að Illugastöðum í skiptum fyrir húsið í Ölfusborgum.

## Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2007 – 2008

Benedikt Vilhjálmsson formaður

Bjarnrís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Margrét Sverrisdóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson

Varamenn: Jóhanna S. Rúnarsdóttir


# Önnur starfsemi

## VR varasjóður

Á aðalfundi 26. mars 2007 var samþykkt 412 milljóna króna framlag í VR varasjóð.

Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2007 námu kr. 296.552.483 og fengu 9.569 félagsmenn greiðslur. Langstærstur hluti fór til forvarna eða 36% og næst mest til orlofsmála eða 20%. Til forvarna teljast m.a. styrkir til líkamsræktar.

### Greiðslur úr VR varasjóði



## Fræðsla

Félagsmönnum stóðu til boða fjöldi hádegisfyrirlestra á árinu 2008. Alls voru í boði níu fyrirlestrar og sóttu þá 372 félagsmenn. Félagsmenn á Akranesi og í Vestmannaeyjum gátu fylgst með fyrirlestrunum í gegnum fjarfundarbúnað. Haldin voru 13 námskeið fyrir trúnaðarmenn á árinu.

## Styrkir

Á árinu 2007 voru greiddar rúmlega 109 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum en árið 2006 voru greiddar 113 milljónir króna. Árið 2007 bárust 4.925 umsóknir frá 3.377 einstaklingum sem sóttu nám hjá 338 skólum, stofnunum eða einstaklingum.

## Menntastefna VR

Stjórn VR hefur samþykkt menntastefnu þar sem lögð er áhersla á aðgengi félagsmanna að menntun og samvinnu allra aðila á vinnumarkaði, fræðslustofnana og ríkisvaldsins í menntamálum. Stefnuna má lesa á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is)

## Stjórnir fræðslumála starfsárið 2007 - 2008

### Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stefanía Magnúsdóttir formaður (VR)

Sigurður Jónsson varaformaður (SA)

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir / Sigrún Viktorsdóttir (VR), Guðrún Erlingsdóttir (LÍV), Anna Rós Ívarsdóttir (SA) og Svanur Valgeirsson (SA)

### Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður (LÍV)

Kristján Einarsson (FÍS), Skúli Björnsson (FÍS) og Stefanía Magnúsdóttir (VR)

## Atvinnuleysi

Skrifstofa VR annaðist úthlutun og greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2 fyrir höfuðborgarsvæðið samkvæmt tímabundnum samningi við Vinnumálastofnun til 1. apríl 2007 en þá rann samningurinn út og var ekki endurnýjaður.

Fjöldi skráðra VR félaga á atvinnuleysisbótum árið 2007 var 866, konur voru 597 konur og karlar 269. Þetta er 29% fækkun frá árinu áður en þá fengu 1.224 félagsmenn greiddar bætur. Í ársskýrslu fyrir starfsárið 2006 – 2007 var rangt farið með hlutfall atvinnulausra VR félagsmanna árið 2006 en það var 1,7%.

## Ályktanir aðalfundar

Aðalfundur 2007 samþykkti ályktun um málefni aldraðra þar sem skorað var á stjórnvöld að lækka skatta á lífeyristekjur og þess krafist að tekjutengingar yrðu afnumdar þegar í stað.

## Innlendir fundir

**Stjórn VR** fundaði 12 sinnum á árinu 2007 og 6 fundir voru haldnir í **trúnaðarráði**.

Á **Nýársfundi** trúnaðarráðs og trúnaðarmanna árið 2008, sem haldinn var 22. janúar, var fjallað um stöðuna í kjarasamningsviðræðum en kjarasamningar VR og atvinnurekenda runnu út um áramótin 2007 / 2008. Fundurinn veitti samninganefnd félagsins áframhaldandi umboð til viðræðna (sjá umfjöllun um kjarasamninga á bls. 6) Framboðslisti stjórnar og trúnaðarráðs var kynntur samkvæmt nýjum ákvæðum í lögum VR um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráðs félagsins (sjá bls. 12). Í fyrsta sinn í áratíð var gengið til kosninga á milli einstaklinga á framboðslista stjórnar og trúnaðarráðs.

**Uppstillinganefnd** fundaði 5 sinnum fyrir Nýársfundinn. Auglýst var eftir áhugasömum einstaklingum til að starfa fyrir félagið og bárust 11 framboð til stjórnar.

**Ráðgjafarnefnd félagsmanna** er vettvangur félagsmanna og fulltrúa félagsins til að ræða starfsemi félagsins og framtíðarstefnu þess í formi morgunverðarfunda. Alls voru 38 fundir haldnir á árinu, þ.a. tveir í Vestmannaeyjum, og sátu þá 465 félagsmenn.

**Úrskurðarnefnd VR** hélt 46 fundi á árinu 2007. Nefndin úrskurðaði um 4 kærur félagsmanna en árið 2006 voru 11 kærur tekinn fyrir. Verkefni nefndarinnar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitsstarfi.

Ársfund **Alþjóðsambands Íslands**, sem haldinn var 18. – 19. október, sátu 73 fulltrúar VR. Meginumræðuefnin voru Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið og hvernig treysta megi frekar velferð og vinnumarkaðinn hér á landi. Þá var einnig fjallað um kjaramál og efnahagsmál.

Þing **LÍV**, Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, var haldið 2. nóvember og sátu það 50 fulltrúar frá VR. Aðalmál-efni þingsins voru kjara- og efnahagsmál. Þinghaldi var frestað til 19. september 2008 en þá verður m.a. fjallað um skipulag og starfshætti LÍV.

## Erlend samskipti

Fulltrúar VR sóttu eftirfarandi fundi eða ráðstefnur erlendis á árinu 2007:

**Höfuðborgarráðstefnuna** sem haldin var í Osló 15. til 17. maí. Hvert land flutti skýrslu um stöðu mála í sínu heimalandi en auk þess var framtíð verkalýðshreyfingarinnar rædd og þróunin á Norðurlöndum.

Kynningarfund hjá systurfélagi VR í Dublin og félagi starfsmanna í síma- og tölvufyrirtækjum þar í borg í maí.

Kynningarfund hjá **Eurofound**, rannsóknarseturs innan Evrópusambandsins um vinnumarkaðsmál, í maí.

Þing **UNI, Union Network International** sem er alþjóðasamband stéttarféлага og landssambanda í verslun og þjónustu, í Genf í nóvember þar sem fjallað var um alþjóðavæðinguna og áhrif hennar á launafólk.

Ráðstefnu á vegum Microsoft um nýjungar í upplýsingatækni í Barcelona í nóvember.

Ráðstefnu um framtíð og notkun internetsins og þróun vefsamskipta í Berlín í nóvember.

Þing **HK Privat** í Kolding í Danmörku í nóvember. Þingið bar yfirskriftina „Fag uden grænser“ eða fag án landamæra / takmarkana, bæði frá alþjóðlegu og þjóðlegu sjónarhorni. Einnig var rætt um starfsmenntun og starfsmenntasjóð sem var stofnaður 2004.

# Almennar upplýsingar

## Breytingar gerðar á lögum félagsins

Aðalfundur 2007 samþykkti tillögu stjórnar um breytingar á lögum félagsins. Þær fela í sér að hluti stjórnar er nú kosinn í listakosningu en hluti í einstaklingskosningu. Formaður er kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Markmið breytinganna er að auka lýðræði og auðvelda einstaklingum framboð til stjórnar.

Á fundinum voru einnig samþykktar breytingar á ákvæði laganna um félagssvæði en sú breyting er til komin vegna sameiningar við Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar.

## Starfsemi þjónustuvers

Fulltrúar þjónustuvers svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, s.s. varasjóð, starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur, sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Flestar fyrirspurnir á síðasta ári sneru að varasjóði. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuveri í Reykjavík árið 2007 voru 11.946 eða 996 á mánuði. Um 70 % af fyrirspurnum í síma til félagsins er svarað af fulltrúum þjónustuvers. Þjónustuver VR er starfrækt á Akranesi, í Hafnarfirði, Reykjavík og Vestmannaeyjum. Stöðugildi í árslok 2007 voru 9.

## Félagsmál

### VR og Félag tækniteiknara í samstarf

Í júlí var undirritaður samstarfssamningur milli VR og Félags tækniteiknara, FTT, sem tók gildi 1. ágúst 2007. Samningurinn felur í sér aukið samstarf milli félaga.

### VR og Verslunarmannafélag Vestur-Húnavetninga sameinast

Í júlí var gerður samningur um sameiningu VR og Verslunarmannafélags Vestur-Húnavetninga, VVH, á grundvelli reynslusamnings frá árinu 2006. Félagsmenn VR samþykktu sameininguna á aðalfundi í mars og félagsmenn VVH á aðalfundi í júní. Sameiningin tók gildi frá og með 1. júní 2007.

### Verslunarmannafélag Vestmannaeyja samþykkir sameiningu

Tillaga stjórnar Verslunarmannafélags Vestmannaeyja, VFV, um sameiningu við VR var samþykkt einróma á aðalfundi félagsins í október en tvö ár eru síðan samstarfssamningur VR og VFV var undirritaður. Samþykkt var að stofna sérstaka deild VR í Vestmannaeyjum.

## Mannfagnaðir

Um 560 eldri félagsmenn sátu árlegt kaffisamsæti VR á uppstigningardag.

## Útgáfu- og kynningarmál

Í mars var birt sjónvarpsauglýsing vegna lækkunar á félagsgjaldi um 30% og greiðslu í VR varasjóð sem samþykkt var á aðalfundi í mars. Jafnframt voru auglýsingar birtar í prentmiðlum og á heimasíðu félagsins.

Ný sjónvarpsauglýsing, **Vinnan**, var frumsýnd í október þar sem minnt var á mikilvægi þess að forgangsraða í lífinu – við eigum val, njótum tímans utan vinnu af heilum hug var þema auglýsingarinnar. Auglýsingar voru einnig birtar í prentmiðlum, á heimasíðu VR og umhverfisgrafík var sett upp í Kringlunni og Smáralind.

VR hlaut 2 viðurkenningar við afhendingu Íslensku auglýsingaverðlaunanna árið 2008 fyrir auglýsinguna **Vinnan**, annars vegar í sjónvarpi og hins vegar í prentmiðlum.

Að meðaltali heimsóttu 17 þúsund manns **www.vr.is** í hverjum mánuði á árinu 2007.

**VR blaðið** kom út 6 sinnum á árinu. Upplag blaðsins er að meðaltali var 22.700 eintök.

## Aðild að stofnunum

VR á beina aðild að eftirtöldum stofnunum:

Alþýðusamband Íslands	Landssamband ísl. verzlunarmanna
Eir, hjúkrunar- og umönnunarheimili	Lífeyrissjóður verzlunarmanna
Fjölmíðlasambandið	Verzlunarskóli Íslands

## Félagatal

Ár	Konur	Karlar	Samtals
1997	9540	5441	14981
1998	10361	6023	16384
1999	11286	6602	17888
2000	12026	7138	19164
2001	12601	7470	20071
2002	12747	7605	20352
2003	12964	8023	20987
2004	13511	8695	22206
2005	13871	9351	23222
2006	15465	10584	26049
2007	16014	11423	27437

## Félagsgjöld

Á aðalfundi 26. mars 2007 var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka félagsgjald um 30%, úr 1% af launum í 0,7%. Þessa ákvörðun má rekja til hagkvæms reksturs á félaginu undanfarin ár og góðs hagnaðar. Vegna þessara breytinga var lágmarksgjald til að öðlast félagsréttindi á árinu 2007 mismunandi eftir mánuðum. Á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), er hægt að sjá lágmarksfélagsgjald eftir mánuðum eitt ár aftur í tímann.

## Skipulag skrifstofu

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Akranesi. Starfsemin skiptist í kjarasvið, rekstrar- og fjármálasvið, samskipta- og þróunarsvið, upplýsingatæknisvið og þjónustusvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess.

## Starfsmenn

Í byrjun febrúar 2008 störfuðu 43 starfsmenn hjá félaginu í 39 stöðugildum. Ráðnir voru 3 sumarstarfsmenn á skrifstofur félagsins og 2 við umsjón orlofshúsa í Miðhúsaskógi.

Á árinu 2007 létu fimm starfsmenn af störfum, María V. Jónsdóttir af kjarasviði, Dóra Björk Scott, Gunnbjörn Svannbjörnsson og Unnur Helgadóttir af þjónustusviði og Þóra Sædis Bragadóttir umsjónarmaður orlofshúsa á Flúðum. Bryndís Guðnadóttir var ráðin til starfa á kjarasviði. Þá voru Guðfinna Alda Ólafsdóttir og Þorsteinn Skúli Sveinsson ráðin í tímabundin störf á þjónustusviði. Sigrún Viktorsdóttir lét af störfum á rekstrar- og fjármálasviði í lok janúar 2008.

# Almennar upplýsingar

## Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. febrúar 2008

Gunnar Páll Pálsson Formaður  
Stefanía Magnúsdóttir Varaformaður

### Kjararvið

Elías G. Magnússon Forstöðumaður  
